

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandi V. Knudsen greiði stefnda Birni Líndal fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar kr. 419,77 — fjögur hundruð og nítján krónur 77 aura — með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Nr. 45/1909:

Guðmundur Jónasson og
Einar M. Jónasson
gegn
Oddi Gíslasyni og
Birni Bjarnarson sýslumanni.

Úrskurður:

Áfryjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður heldur því fram, að fjárnámsgjörð, er hann í máli þessu sín vegna og fyrir hönd Guðmundar Jónassonar kaupmanns í Skarðsstöð hefir skotið til yfirdómsins, og háð var af fógétanum í Dalasýslu 23. júlí f. á. til fullnægingar landsyfíréttardómi 1. febr. f. á. í skuldamáli milli Guðmundar og Salomon Daviðsens, sé í ýmsum greinum ólögmat, og krefst hann þess, að sér verði veittur 6 mánaða frestur eða til vara 3 mánaða frestur, til að sanna þetta með vitnaleiðslu í Dalasýslu, en ef

hvorug þessi krafa verði tekin til greina, beiðist hann vikufrests til andsvara. Stefndi Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður mótmælir kröfum áfrýjanda um frest til vitnaleiðslu, og hafa þeir lagt þennan ágreining undir úrskurð réttarins.

Við fyrnefnda fúgetagjörð var meðal annars gjört fjárnám í mótorbát að nafni »Akilles«, en Einar M. Jónasson telur bát þennan vera sína eign en ekki Guðmundar Jónassonar, og hefir því til sönnunar lagt fram ágríps eftirrit af kaupsamningi, dags. 19 sept. 1908, milli þeirra Guðmundar um ónefndan mótorbát. Stefndi neitar því, að hvortvegga sé sami báturinn, en áfrýjandi tjáist aðallega ætla að nota frestinn til að hnekkja þessari neitun stefnda með vitnaleiðslunni, svo sé og margt fleira, sem upplýsinga þurfi í málinu, svo sem um alla framkomu stefndu og viðskilnað þeirra við hús Guðmundar Jónassonar, þar er fúgetarétturinn var haldinn.

Það verður að telja viðurkent, að kaupsamningur sá, er fyr getur, sé eigi þinglesinn, og geta þau kaup því eigi varnað öðrum fjárnáms í hinum umsamda mótorbát, sbr. lög nr. 20 um veð í skipum 16. nóv. 1907 1. gr. Það skiftir því eigi máli, hvort um sama bátinn er að ræða í kaupsamningnum og við fjárnámsgjörðina eða ekki, og er óþarft að leita sannana um það. Um hin atriðin, framkomu stefndu við fjárnámið og viðskilnað þeirra við hús Guðmundar Jónassonar verður eigi af fúgetagjörðunum né málsfærslunni við yfirdóminn séð, að ágreiningur milli málsaðilanna sé svo verulegur, að það geti ráðið neinu um úrslit málsins, og er því eigi heldur ástæða til vitnaleiðslu um þau málsatriði. Samkvæmt þessu verða kröfur áfrýjanda um frest til vitnaleiðslu eigi samþykta

gegn mótmælum stefnda, en honum veitist vikufrestur til andsvara.

Því úrskurðast:

Kröfur áfryjanda um frest til vitnaleiðslu verða ekki teknar til greina, en honum veitist vikufrestur til andsvara.

Mánudaginn 28. febrúar.

Nr. 50/1909:

Guðmundur Magnússon
gegn
Gísla Þorbjarnarsyni.

Dómur:

Í máli þessu lögsótti stefndi Gísli Þorbjarnarson búfræðingur fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur áfryjandann Guðmund Magnússon Barónsstíg 16 í Reykjavík, til greiðslu á skuld að upphæð 34 kr., og var málið dæmt í nefndum rétti 21. okt. f. á. með þeim úrslitum, að áfryjandinn var skyldaður til að greiða stefnda hina umkröfðu skuld 34 kr. ásamt 5% ársvöxtum frá 1. jan. f. á. til borgunardags og í málskostnað 20 krónur.

Þessum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. nóv. f. á., og krafist þess, að hann verði að fullu og öllu sýknaður af kærnum og kröf-